

**Umsjón:**  
**Anna Heiður Oddsdóttir**

## Þá spókaði fólk sig á miðjum Skólavörðustíg

„Þetta eru aðallega gamlar ljósmyndir af Reykjavík, teknar vítt og breitt um bæinn og við ýmis tækifæri“, sagði Óskar Gíslason, ljósmyndari og kvikmyndatökumaður, þegar Vísismenn litu inn á Kjarvalsstaði fyrir skömmu til að hitta hann að máli.

Þar var Óskar önnur kafinn við að setja upp sýningu á ljósmyndum sínum, en hún opnar á morgun. „Myndirnar eru ekki allar mínar“ sagði Óskar. „Ég fékk lánaðar nokkrar gamlar myndir af Þjóðminjasafninu eftir þá Sigfús Eymundsson, Pétur Brynjólfsson, Ólaf Magnússon og Magnús Ólafsson til þess að sýningin yrði sem heilsteyptust.“ Elstu ljósmyndirnar á sýningunni eru frá því um aldamótin, en

þær yngstu teknar 1973, og gefur hún því góða hugmynd um hversu mjög bragur borgarinnar hefur breyst. Þarna getur að líta myndir frá stríðsárunum, heimsókn Churchill til Íslands og afhjúpun styttunnar af Ingólfi Arnarsyni á Arnarhóli. Einnig eru myndir frá frostavetrinum mikla 1918, þegar höfnina í Rvík. lagði og aðrar, sem teknar voru við kvikmyndun á „Sögu Borgarættarinnar“ árið 1919. Fyrir um það bil sextíu árum tók Óskar mynd úr Skólavörðunni, sem sýnir Skólavörðustíginn eins og hann var þá! Árið 1973 tók hann aðra mynd til samanburðar, þá úr Hallgrímskirkju, og er geysilega skemmtilegt að sjá hve breyting hefur orðið á þessu tímabili. Húsa hafa sprottið upp hér og þar eins og



Óskar Gíslason virðir fyrir sér salinn á Kjarvalsstöðum og veltir vöngum yfir því hvar best væri að koma ljósmyndunum fyrir. —Ljós: Jens

gorkúlur, bílar þjóta um götuna og enginn lætur sér detta í hug lengur að spóka sig á miðjum „stignum“ eins og áður. Auk alls þessa eru nokkrar myndir af leikurum, bæði hópmyndir úr revjum og öðru þess háttar og einstaklingsmyndir.

### Var nemandi frægasta ljósmyndara dana

Óskar lærði fyrst ljósmyndun hjá Ólafi Magnússyni ljósmyndara. Síðan hélt hann til Kaupmannahafnar til frekara náms og naut þar handleiðslu Effelt, frægasta ljósmyndara dana og brautryðjanda í kvikmyndun í Danmörku. Óskar hefur sjálfur gert margar kvikmyndir eins og flestum er kunnugt. Viðamestar þeirra eru „síðasti bærinn í dal-

um“, „Reykjavíkurævintýri Bakkabræðra“, „Nýtt hlutverk“ og „Björgunarafrekið við Látrabjarg“. Hann hefur einnig tekið þátt í mörgum samsýningum með Ljósmyndarafélagi Íslands. Óskar sá um ljósmyndastofu sjónvarpsins um árabíl. Ljósmyndasýningin verður opin daglega frá kl. 14.00-22.00 og stendur til 3. ágúst. —AHO

## Að glíma við sólina

„Það kveður að nokkru leyti við nýstárlegan tón í myndunum mínum hérna, því að ég hef ekki málað kyrralífsmýndir síðan á skólaárunum“ sagði Ragnheiður Jónsdóttir Ream, listakona, er Vísir ræddi við hana í Norræna húsinu fyrir skömmu.

A morgun klukkan þrjú verður opnuð þar sýning á verkum Ragnheiðar og tveggja annarra listamanna, Snorra Sveins Friðrikssonar og Hjörleifs Sigurðssonar. Þau sýna í boði Norræna hússins og verður þetta svokölluð „Sumarsýning“ hússins.

„Kyrralífsmýndirnar mínar eru allar af ávöxtum eða kaffibollum eins og þú hefur kannski tekið eftir“ hélt Ragnheiður áfram. „Mér finnst mjög lærdómsríkt að mála sama hlutinn oft. Þannig sé ég hvað hægt er

að fá mörg tilbrigði af sama stafi, til dæmis hvað unnt er að mála eitt litid epli á marga mismunandi vegu.“

Auk kyrralífsmýndanna eru nokkur stór landslagsmálverk eftir Ragnheiði á sýningunni. Ragnheiður stundaði listnám í fjögur ár við háskóla í Washington. Hún bjó í Bandaríkjunum í 25 ár en kom heim til Íslands ekki alls fyrir löngu til þess að setjast um kyrrt. Hún hefur haldið margar einkasýningar, bæði hér heima og erlendis og tekið þátt í samsýningum. Síðast hélt Ragnheiður sýningu fyrir tveimur árum, og þá einnig í Norræna húsinu.

„Þegar sól vermir jörð“ nefnist flokkur olíumálverka eftir Snorra Svein Friðriksson. „Þegar ég mála vel ég mér oftast eitt ákveðið viðfangsefni“ sagði Snorri. „Í þetta sinn varð

sólin fyrir valinu, sólarform, haf, sandur og ýmis litbrigði út frá því. Slíkt verður ekki afgreitt með einni mynd, og ég býst jafnvel við að ég haldi áfram að glíma við sólina.“

Snorri hefur haldið þrjár einkasýningar og auk þess verið á samsýningum, bæði heima og erlendis. Einnig hefur hann fengist við að gera veggskreytingar, og hefur m.a. skreytt Óskjuhlíðarskóla og Landsbankahúsið á Akranesi. Hann starfar nú að gerð leikmynda fyrir sjónvarpið.

„Ég býst við að náttúran sé einhvers staðar á bak við allar mínar myndir“ sagði Hjörleifur Sigurðsson, þar sem hann kúrði í stiga uppundir lofti og baukaði við að festa upp eina af mörgum vatnslitamyndum sínum. „Ég hef málað mikið á japanskan pappir undanfarið og




Sýning á verkum þriggja listamanna verður opnuð á morgun í Norræna húsinu. Það eru þau Ragnheiður Jónsdóttir Ream, Hjörleifur Sigurðsson og Snorri Sveinn Friðriksson. —Ljós: Jens

list að mörgu leyti vel á útkomuna. Ég keypti einhverntíma nokkrar arkir af honum og fannst alltaf meira og meira gaman að nota hann.“

Hjörleifur stundaði listnám í Svíþjóð, Noregi og Frakklandi. Sfna fyrstu sýningu hélt hann í Reykjavík árið 1952 og hefur

sýnt oft síðan. Þegar við kvöddum þessa líflegu þremmenninga sögðust þau gjarnan vilja þakka forstöðufólki Norræna hússins fyrir að bjóða þeim að halda þessa sýningu. „Það var mjög elskulegt“ sögðu þau. —AHO

## „List er fjögurra stafa orð“



Hollenski listamaðurinn Kees Visser við eitt verka sinna, í Helgarblaðinu, sem fylgir Vísí á morgun, er að finna sýnishorn af list hans. —Ljós: Jens

Kees Visser, hollenskur listamaður frá Amsterdam, heldur um þessar myndir sýningu á verkum sínum í Gallerí SUM.

Sýning þessi er óneitanlega nokkuð sérkennileg og líklega hefðu ýmsir gaman af því að kíkja inn og kynna sér hana betur. Þarna er m.a. verk sem listamaðurinn nefnir „The Metaphysics of art with the feet on the

ground“, og er það samsett úr þremur myndum og þremur speglum. Speglnum hefur verið komið fyrir undir myndunum rétt við gólf, og blasa því færur sýningargesta við er þeir ganga í salinn. Einnig eru ljósmyndir sem Kees hefur tekið af umhverfinu í vinnustofu sinni. Þá hefur hann látið taka mynd af sjálfum sér með einhvers konar grind á höfðinu, sem komið er fyrir með mismunandi hætti. Allt hefur þetta sinn tilgang, en honum er ekki auðvelt að lýsa, enda er sjón sögu

rikari. Á sýningunni getur enn fremur að líta skilgreiningar nokkurra manna á list, m.a. Kees sjálfs: List er fjögurra stafa orð. „Þetta er þó að minnsta kosti satt“ sagði hann þegar við rákum upp stór augu. Að sögn Kees hefur hann kynnst mörgum íslendingum í Hollandi. Nokkrir þeirra buðu honum að koma til Íslands og hann ákvað að slá tvær flugur í einu höggi og sýna hér verk sín í leiðinni. Sýningin stendur til 31. júlí og er opin frá kl. 16.00-22.00 —AHO

## BÖLLIN

Hótel Saga: Hljómsveit Arna Ísleifs skemmtir í Súlnasal föstudag og laugardag. Lokað sunnudag.  
Gleisibær: Asar leika um helgina.  
Leikhúskjallarinn: Kjarnar skemmta föstudag og laugardag.  
Skiptóll: Hljómsveit Gunnlaugs Pálssonar leikur á föstudag og laugardag.  
Hótel Borg: Haukur Mortens skemmtir á föstudag, laugar-

dag og sunnudag.  
Sigtún: Pónik og Einar skemmta föstudags- og laugardagskvöld. Drekar leika fyrir gömlu dönsunum á sunnudagskvöld.  
Óðal: Diskótek.  
Sesar: Diskótek.  
Röðull: Stuðlatríó skemmtir á föstudags- og laugardagskvöld. Lokað sunnudagskvöld.  
Klúbburinn: Kjarnar og Lena skemmta föstudag og laugardag. Paradís og diskótek sunnudag.  
Tjarnarbúð: Kabarett á föstudag, Eik laugardag.

## SÝNINGAR

Listasafn: Sýning á verkum í eigu Listasafnsins eftir marga íslenska listamenn. Hún er opin frá kl. 13.30-16.00.  
Þratarlundur: Valtýr Pétursson listmálari heldur sýningu á 50 olíumyndum. Opin næstu tvær til þrjár vikur.  
Vestmannaeyjar: Sýning í félagsheimilinu á verkum Jóhönnu Bogadóttur. Opnar kl. 15.00 laugardag og stendur í fjóra daga.  
Norræna húsið: Þrjár listamenn sýna verk sín í boði Norræna hússins. Það eru þau Ragnheiður Jónsdóttir Ream, Hjörleifur Sigurðsson og Snorri Sveinn Friðriksson. Sýning á myndum og teikningum af

gömlum íslenskum torfbæjum. Kjarvalsstaðir: Jóhannes S. Kjarval, sumarsýning. Opnið virka daga frá kl. 16.00-22.00 en helgidaga kl. 14.00-22.00. Lokað á mánudögum. Sýning á ljósmyndum Óskars Gíslasonar.  
Hallveigarstaðir: Gísli Friðrik Jónsson frá Vestmannaeyjum heldur sýningu á verkum sínum. Opnar á laugardaginn og stendur til 1. ágúst. Opnið frá kl. 15.00-22.00.  
Forsalur Þjóðminjasafnsins: Sýningin „Íslenskar útsaumsgerðir“ er opin frá kl. 1.30-16.00.  
Menningarstofnun Bandaríkja-anna: Sýning í tilefni 200 ára afmælisins.  
Gallerí SUM: Kees Visser, hollenskur listamaður frá Amsterdam heldur sýningu. Opin frá kl. 16.00-22.00.